

46 nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá söljendum, kaupendum eða útflytjendum ullarinnar eða 9. júní umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningskipunum.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Þóddur Þermannsson.

Vígfús Einarsson.

47
9. júní

Breyting

á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

5. gr. í erindisbréfi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svo hljóðandi:

þeir fá í kaup 2 kr. um hverja klukkustund á virkum dögum og 2 kr. 50 aura um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu hvort sem það er við aðgreining fiskjarins eða umsjón með vikt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglaga bannað að taka á móti nokkrri annari þóknun eða góðgjörðum hverju nafni sem nefnist frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Þóddur Þermannsson

Vígfús Einarsson